Virkon™ S

Öflugt sótthreinsiefni fyrir hesta, hesthús og reiðtygi



Hvernig er smit í hrossum að dreifast

Smit á milli hesta er ein helsta ógnin þegar kemur að sjúkdómum hrossa, hvort sem er með beinni snertingu eða frá yfirborði, verkfærum, farartækjum eða fólki sem komist hefur í snertingu við sýkt dýr. Bólusetningar eru mikilvægar og lyf er hægt að nota þegar sést að hestur er veikur, en hvorugt veitir fulla, skilvirka og hagkvæma vörn gegn fjölbreyttum lífverum sem valda sjúkdómum sem ógna hrossum.

Virkon™ S er fullkomið sótthreinsiefni fyrir hross sem staðfest hefur verið að reynist árangursríkt gegn vírus-, bakteríu- og sveppalífverum sem geta valdið sjúkdómum í hrossum.

Hvernig á að hefta útbreiðslu sjúkdóma í hrossum

Hesthús

- Fjarlægið allan færanlegan búnað (fóðurdalla, vatnsdalla o.s.frv.)
- Þrífið vel öll lífræn efni (aur, óhreint undirlag og úrgang með því að skrapa og bursta
- Sótthreinsið allt yfirborð með Virkon™ S lausn (þynnt 1:100) annaðhvort með háþrýstidælu, úðakút eða garðkönnu
- Leyfið yfirborði að þorna vel áður en undirburður og undirlag er sett í stíur

Fóðurdallar, brynningarskálar, reiðtygi og annar búnaður

- Þvoið brynningarskálar, vatnsdalla, fóðurdalla, reiðtygi og annan búnað með Virkon™ S lausn (þynnt 1:100)
- Skolið vandlega með hreinu vatni og leyfið síðan að þorna

Sótthreinsun hestakerra

Til að fyrirbyggja útbreiðslu sjúkdóma í flutningum:

- Þrífið vel öll lífræn efni (aur, óhreint undirlag og úrgang) innan úr hestakerrunni og í kring um og af hjólum, hjólbörðum, brettum, drullusokkum og sýnilegum undirvagni kerrunnar með stífum bursta eða háþrýstidælu þar sem þörf krefur.
- Með því að vinna utanfrá og inn og frá lofti niður að gólfi er allt yfirborð sótthreinsað með Virkon™ S lausn (þynnt 1:100) annaðhvort með háþrýstidælu, úðakút eða garðkönnu, látið standa í 10 mínútur og skolið síðan vandlega með hreinu vatni.

Sótthreinsun loftrýmis

Ryk og hnerri í hesthúsum geta borið sýkingu á milli hesta. Virkon™ S má úða í loftrýmið og nota sem sótthreinsandi vörn sem hjálpar til við að hafa stjórn á lífverum sem valda sjúkdómum sem berast með lofti. Með því að nota háþrýstidælu með lágum þrýstingi og fínum úða eða úðakút, má úða Virkon™ S lausn (þynnt 1:200) inni í hesthúsinu daglega. Ekki er þörf á að fjarlægja hross á meðan loftið er sótthreinsað.

Útvortis notkun

Virkon™ S má nota sem sótthreinsiefni fyrir húð. Að þrífa hestinn þinn með Virkon™ S, þynnt 1:100, getur dregið húðvandamálum sem orsakast af lífverum sem eru ábyrgar fyrir hringormum, hitasótt og kverkeitlabólgu. Notið hreinan svamp eða klút til að bera Virkon™ S lausnina á feld hestsins, tryggðu að hún berist ekki í augu, eyru og öndunarfæri hestsins. Látið standa í 10 mínútur og skolið síðan vandlega með hreinu vatni.

- Gripahús
- Búnaður og reiðtygi
- Hesthús og hestakerrur
- Fóðurdallar, vatnsdallar og brynningarskálar

Manufactured by:
Antec International Limited,
LANXESS Material Protection Products, Windham Road,
Chilton Industrial Estate,
Sudbury, Suffolk, CO10 2XD
United Kingdom
Tel. +44 (0)1787 377305
biosecurity@lanxess.com
virkon.com lanxess.com

Dreifingaraðili: Kemi ehf
Tunguhálsi 10, 110 Reykjavík
Sími 415 4000
www.kemi.is kemi@kemi.is



©2019 LANXESS. Virkon™ S, LANXESS™ og LANXESS kennimerkið eru vörumerki LANXESS Deutschland GmbH eða samstarfsfyrirtækja þess. Öll vörumerki eru skrásett í mörgum löndum um allan heim.

LANXESS/Virkon™S/Iceland/20.02.19/G